

Vegið að velferðinni

Aðalfundur BSRB, haldinn 15. október 2010, lýsir þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á velferðarkerfinu. Engum blöðum er um það að fletta að fjárþörf ríkissjóðs er mikil og allra mögulegra leiða verður að leita til að grynna skuldir hans. Félagar í BSRB hafa axlað sínar byrðar eins og aðrir í óvissu efnahagsástandi og eru reiðubúnir til þess áfram.

Aðgangur almennings að velferðarkerfinu, óháð efnahag og aðstæðum, er hornsteinninn í því velferðarsamfélagi sem launafólk hefur byggt upp hér á landi síðustu áratugi. Núverandi fjárþörf má ekki verða til þess að vegið sé að rótum þess velferðarkerfis. Niðurskurður upp á tugi prósentu mun skerða lífsgæði íbúa víða um land og kippa fótunum undan þeim þjónustueiningum sem byggðar hafa verið upp. Heilbrigðiskerfið var í fjársveldi í góðærinu og nú þegar borga þarf fyrir þenslu og óráðsú undanfarinna ára á að skera rýr framlög til þess niður. Verði tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í heilbrigðismálum að veruleika er ljóst að Ísland getur ekki lengur kennt sig við norræna velferð. Það verður á ábyrgð þeirra þingmanna sem greiða tillögunum atkvæði sitt.

Sveitarfélögin sinna nærþjónustunni við íbúana, sem er gríðarlega mikilvæg, ekki síst á óvissutímum. Þar hefur einnig verið skorið niður og ljóst er að víða stendur niðurskurðarhniðurinn á beini. Sveitarfélögin geta ekki fríað sig ábyrgð og vísað á ríkisvaldið þegar kemur að velferðarkerfinu. Sveitarstjórnarmenn verða að hafa það í huga þegar kemur að fjárhagsáætlanagerð að þeir eru einnig varðmenn þess velferðakerfis sem þjóðin byggði upp. Þeir geta ekki falið sig á bak við stjórnarmenn stofnana sem eru í eigu sveitarfélaga. Pólitísk ábyrgð liggur hjá kjörnum fulltrúum.

Í kjölfar niðurskurðar síðustu tveggja ára hefur þjónusta við börn, unglinga og aðra íbúa sveitarfélaga dregist saman. Starsfólk hafa mátt þola launaskerðingu og atvinnumissi. Þá hefur ýmsum aðferðum verið beitt til að lækka starfshlutfall starfsmanna – og rýra þannig kjör þeirra – svo sem að stytta opnunartíma og þar með vinnutíma. Ætli sveitarfélög að rísa undir grunnþjónustu við íbúa sína, verður ekki frekar skorið niður.

Í þeim óhjákvæmilega niðurskurði sem framundan er verður að líta til þess að vinna ekki skemmdir á velferðarkerfinu. Frekar á að fara hægar í sakirnar og greiða niður á lengri tíma, eða að leita annarra leiða, svo sem eins og í gegnum skattkerfið. BSRB hefur til að mynda lagt fram tillögur um frekari hækkun á fjármagnstekjuskatti en fyrirhuguð er, þannig að ekki þurfi að skerða framlög til fæðingarorlofsjóðs og barna- og vaxtabætur.

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum. Vandinn sem þarf að takast á við er gríðarlegur og enginn skyldi reyna að horfa framhjá honum og láta eins og verkefnið sé ekki ærið og hægt sé að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist. Ákvarðanir í dag hafa hins vegar áhrif á það samfélag sem við byggjum börnunum okkar.

Velferðarkerfið er ekki tölur á blaði sem hægt er að færa til að vild án afleiðinga. Velferðarkerfið er fólk af holdi og blóði, þjónusta þegnanna og öryggisnet þjóðarinnar. Verði niðurskurðarhniðurinn reiddur of hátt til höggs er hætta á því að óbætanlegur skaði verði unninn á uppbyggingarstarfi genginna kynslóða, til skaða fyrir komandi kynslóðir.